



Fundur háskólaráðs 6. nóvember 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 03.11.2003
Dags: 06.11.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

17/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 6. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Stefán Svavarsson, Þórður Harðarson, Inga Jóna Þórðardóttir, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Þorsteinn Loftsson, Rögnvaldur Ólafsson og Davíð Gunnarsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram ræða rektors við brautskráningu 25. október 2003.
- 1.2 Lagt fram viðtal við rektor í Morgunblaðinu 26. október 2003.
- 1.3 Lagður fram leiðari Morgunblaðsins 28. október 2003.
- 1.4 Lögð fram dagskrá háskólafundar 7. nóvember 2003.
- 1.5 Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 13. október 2003, vegna ytra gæðamats á lagadeild Háskóla Íslands, og bréf rektors til menntamála-ráðuneytisins, dags. 28. október 2003, um skipun sjálfsmatshóps lagadeildar. Einnig lagðar fram leiðbeiningar fyrir sjálfsmat og tíma- og verkáætlun.
- 1.6 Lögð fram drög að samningi Háskóla Íslands og Fornleifaverndar ríkisins.
- 1.7 Lögð fram drög að yfirlýsingu um fyrirhugaðan samruna Norrænu eldfjalla-stöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans í nýja stofnun innan Raunvísindastofnunar Háskólans.
- Málið var rætt.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Drög að reglum um þverfaglegt nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði.
- 2.2 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands.
- Málið var rætt.
- 2.3 Reglur stofnana, lok vinnu við nýjar reglur, sbr. fund ráðsins 26. júní 2003.
 - a) Drög að nýjum reglum fyrir Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands
 - b) Tillaga um að Mannfræðistofnun verði felld inn í Félagsvísindastofnun.Lagt fram bréf frá Ólafi Þ. Harðarsyni, forseta félagsvísindadeildar, dags. 5. nóvember 2003. Í bréfinu kemur fram að niðurstaða umræðu innan félagsvísindadeildar sé sú að best fari á því að Mannfræðistofnun Háskóla Íslands verði faglega sjálfstæð eining innan Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem starfi samkvæmt sérstökum starfsreglum.
- Málið var kynnt.
- 2.4 Tillaga að breytingu á reglum félagsvísindadeildar vegna MSW náms, sbr. fund ráðsins 9. október sl. Lagt fram bréf frá Ólafi Þ. Harðarsyni, forseta félagsvísindadeildar, dags. 5. nóvember 2003, ásamt drögum að reglum um

rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma.

2.5 Bréf frá Þórði Þ. Þórðarsyni, formanni Félags læknanema, dags. 5. nóvember 2003, varðandi breytingar á kennslufyrirkomulagi í læknadeild Háskóla Íslands.

- Málinu vísað til akademískrar stjórnarsýslu til athugunar. Jafnframt verður leitað umsagnar læknadeildar.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Fjármál Háskóla Íslands framhald umræðu, sbr. síðasta fund.

Lagt fram endurskoðað minnisblað um rannsóknasamning, sbr. fund 16. október 2003.

Rektor gerði grein fyrir stöðu viðræðna við stjórnvöld um nýja samninga um fjármögnun kennslu og rannsókna. Í máli rektors kom m.a. fram að hann vonaðist til að geta kynnt fyrir háskólaráði á næsta fundi drög að nýjum kennslusamningi og nýjum rannsóknasamningi. Málið var rætt.

3.2 Brautskráning að vori, sbr. síðasta fund.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um brautskráningu kandídata að vori. Málið var rætt.

- Óskað er eftir sameiginlegri umsögn deildarforseta.

3.3 Drög að samningi um kennaraskipti á milli H.Í., H.A., KHÍ og THÍ, ásamt minnisblaði akademískrar stjórnarsýslu og tillögu að samræmdum reglum um kennaraskipti, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt samhljóða að fela rektor að ganga frá samningnum og samræmdum reglum um kennaraskipti.

3.4 Álitsgerð um rétt til styrks úr Sáttmálasjóði, sbr. síðasta fund.

Lögð fram skýring við álitsgerð um rétt til styrkja úr Sáttmálasjóði.

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, gerði grein fyrir framlagðri skýringu við álitsgerð um rétt til styrkja úr Sáttmálasjóði. Málið var rætt.

- Niðurstaða álitsgerðarinnar samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 14.55